

## Reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Sveitarfélagsins Hornafjarðar

### 1. gr.

#### *Markmið, tilgangur*

Sveitarfélagið Hornafjörður setur sér það markmið að stjórnsýslan sé opin til að auka aðgang íbúa að gögnum sveitarfélagsins og fyrirtækjum þess sem lögð eru fram í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins. Íbúar hafi kost á að fylgjast með störfum bæjarstjórnar og nefnda eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

Megin markmið með þessum reglum er að leiðbeina starfsmönnum og kjörnum fulltrúum og samhæfa vinnulag við birtingu gagna.

Tilgangur reglnanna er að birting gagna með fundargerðum sé byggð á málefnalegum forsendum um upplýsingarétt í samræmi við stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### 2. gr.

#### *Gildissvið*

Reglur þessar skulu gilda þegar ákvörðun er tekin um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir nefndir og ráð sveitarfélagsins og birt á vef sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir fundargerðir.

### 3. gr.

#### *Meginregla um birtingu gagna*

Birta skal öll gögn með opinberum hætti sem lögð eru fyrir nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins þó með undantekningu skv. 4. og 5. gr. þessara reglna eða lög hindri slíka birtingu. Ef samþykki málsaðila liggur fyrir er heimilt að birta gögn hans.

### 4. gr.

#### *Gögn sem óheimilt er að birta*

Eftirfarandi gögn er óheimilt að birta:

- Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er að leynt fari.
- Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
- Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.
- Gögn sem varða einstaka starfsmenn sveitarfélagsins.
- Samninga við aðra en lögaðila, opinbera aðila, félagasamtök og styrktaraðila, nema fyrir liggja samþykki samningsaðila en meginefni samninga skal þó koma fram í texta fundargerðar.
- Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.
- Gögn sem falla undir lög um persónuvernd.

5. gr.

*Gögn sem ekki er skylt að birta*

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

- Gögn sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að verði ekki birt.
- Gögn er varða tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins.
- Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.

6. gr.

*Ábyrgðarsvið – málsmeðferð*

Starfsmaður nefndar ber ábyrgð á birtingu gagna í samráði við formann nefndar, ráðs eða stjórnar. Fyrir fund skal liggja í fundarkerfi tillaga starfsmanns um birtingu gagna. Upplýsinga- og umhverfisfulltrúi/skjlastjóri yfirfer birtingu gagna eftir lokun fundargerða, þá hvort gögn hafi verið birt í samræmi við þessar reglur. Ef álitamál er um birtingu gagna skal bæjarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin lögum.

7. gr.

*Persónuvernd / tilkynningar um öryggisbrest*

Ef um öryggisbrest á birtingu skjala verður fyrir slysi, skal leitast við að grípa til viðeigandi ráðstafanna til að vernda persónuupplýsingar. Það ber að tilkynna slík óhöpp strax til Persónuverndar og til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins.

Reglurnar öðlast gildi þegar bæjarstjórn hefur samþykkt þær.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar þann 12. desember 2019.

Matthildur Ásmundardóttir  
bæjarstjóri